

**Sp.**

### **335. Tillaga til þingsályktunar**

um fávítahæli.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja á stofn hið allra fyrsta hæli fyrir fávíta á hentugum stað i sveit. Er ríkisstjórninni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði.

#### **Greinargerð.**

Í lögum nr. 18 1936, um fávítahæli, er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin skuli sjá um að stofna nokkur hæli fyrir fávíta og vangefin börn og unglínga, jafnskjótt sem heimilað sé fé til þess. Kemur þá í fyrsta lagi til greina skólaheimili fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglínga, sem kenna má ofurlítið til munns og handa. Í öðru lagi hjúkrunarhæli fyrir örvíta eða þá fávíta, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns. Í þriðja lagi vinnuhæli fyrir fullorðna fávíta, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

Undanfarin ár hefur verið rekið hæli fyrir örvíta á Sólheimum í Árnessýslu, sem er í einkaeign, en nú mun í ráði að leggja fávítadeildina niður og hafa þar eingöngu munaðarleysingja. Í málleysingjaskólanum hefur allengi verið deild fyrir fávíta eða vangefin börn, sem eitthvað hefur verið hægt að kenna, en bæði er það, að brýn þörf er á því litla húsi, sem skólinn hefur, handa málleysingjum og til kennslu málhaltra og svo er talið mjög óheppilegt að hafa fávíta og málleysinga í sama skóla, vegna þess að hvorum flokki um sig hættir mjög til þess að nema það af hinum flokknum, er síður skyldi.

Vegna þess, sem að ofan greinir, er brýn nauðsyn á að vinda bráðan bug að því að bæta úr í þessu efni. Er og vitanlegt, að auk þeirra barna, sem dvalið hafa og dvelja á Sólheimahælinu og í málleysingjaskólanum, eru allmörg börn, sem þurfa að dvelja á heimili, sem rekið er bæði sem hjúkrunarheimili og skóli við hæfi fávítanna. Slikt heimili er nú ekki til, en brýna nauðsyn ber til þess að setja það á stofn hið allra fyrsta á hentugum stað i sveit, eins og farið er fram á með tillögu þessari.